

# Fjöllista- maðurinn Guðmundur frá Miðdal

**G**uðmundur Einarsson er fæddur 5. ágúst 1895 í Miðdal í Mosfellssveit og jafnan kenndur við þann bæ. Hann var líklega einn víðförlasti Íslendingurinn á sínum tíma, en mest ferðaðist hann um hálendi Íslands. Þangað sótti

Guðmundur Einarsson frá Miðdal var fjölbreyttur listamaður og einlægur náttúruunnandi og sótti sér innblástur í íslenskt landslag og þjóðlíf, svo og náttúru annarra landa. Eftir óverðskuldað tómlæti í langan tíma eru verk hans nú metin að verðleikum og sýning á vatnslitamyndum Guðmundar verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag.

Eftir ÁGÚSTÍNU  
JÓNSDÓTTUR

hann innblástur og endurnýjun í list sína og túlkaði náttúru landsins og virk náttúruöflin á fjölbreyttan hátt í ólíkum listmiðlum. Árið 1921 kom hann fyrst fram, á sýningu Listvinafélagsins, og fjórum árum síðar hélt hann, í Reykjavík, sína fyrstu einkasýningu.

## LAUSBEISLUÐ TJÁNING

Nú gefst mönnum tækifæri á að skoða nokkrar vatnslitamynda Guðmundar á Kjarvalsstöðum. Þær eru aðeins lítið sýnishorn af allri listsköpun hans en endurspeglu engu að síður þau viðhorf sem einkenna hana. Guðmundur hóf snemma að mála í vatnslit, en sneri sér ekki af alvöru að því fyrr en 1961-63, og það hafði líka þau áhrif á olumálun hans að myndirnar urðu hjartari í litum en áður. Í sýningarskrá listasafnsins skrifar Kristín G. Guðnadóttir, listfræðingur m.a. eftirfarandi:

„Myndmál hans einkennist af trúnaði við hefðbundnar tjáningaraðferðir, en einmitt í vatnslitamyndum sínum sprengir hann þann ramma, leysir upp hina ströngu formgerð og þróað í átt að lausbeislaðri og innilegri tjáningu.“

Kjarvalsstaðir eiga enga vatnslitamynd eftir Guðmund en eiga þó eitt olíuverk. Á samsýningu, sem haldin var á Kjarvalsstöðum 1993 með úrtaki íslenskra landslagsmálverka frá árunum 1900 - 1945, gat að líta verk eftir Guðmund, til dæmis málverkið *Grímsvatnagos*, sem er ein af gosmyndum hans.



GRÍMSVATNAGOS, olíumynd frá 1934.

Í árararáðir fylgdi Guðmundur ákveðnu skipulagi í vatnslitamálu sem fólst m.a. í því að hann málaði á sumrin í Lynghóli í Mosfellssveit (sumarbústað sínum) þar sem hann nýtti sér sumarbertuna en hélt að hausti sýningu á myndunum, í eigin sýningarsal að Skólavörðustíg 43. Þar seldi hann allt og fóru verk hans af þeim sökum rakkleitt inn á íslensk heimili og urðu að eign landsmanna — þau hurfu ef svo mætti segja.

## AKUREYRI - REYKJAVÍK - GRÆNLAND

Guðmundur nam teikningu í Reykjavík bæði hjá Stefáni B. Eiríkssyni, myndskurðarmanni og Þórarni B. Þorlákssyni brautryðjanda íslenskrar málarskólur. Síðar lærði hann í listaskólum í Kaupmannahöfn og München. Hann fluttist alkominn heim frá Þýskalandi 1926.

Á annað ár hafa aðstandendur Guðmundar (ekkja hans Lýdía Pálsdóttir og fimm börn þeirra hjóna ásamt barnabarni



GUÐMUNDUR Einarsson  
frá Miðdal.



FRÁ sýningu Guðmundar Einarssonar í Listvinahúsinu í desember 1930.

hans) verið að ljósmynda þau 1000 - 1500 olíumálverk og vatnslitamyndir sem til eru eftir Guðmund. Þau stefna að því að halda yfirlitssýningu á allri listsköpun hans og reka endahnúttinn á hið skipulega sýningarhald, sem hófst með sýningunni *Náttúrusýn* sem haldin var á Listasafninu á Akureyri s.l. vor með olíu- og vatnslitamyndum frá Íslandi, Grænlandi og úr Ölpunum. Sjálfur var Guðmundur vanur að halda sýningar víðsvegar út um land.

Í maí í fyrra var önnur sýning haldin í Reykjavík, í Listhúsinu í Laugardal, og nefndist hún *Upphafid*. Þar voru myndir unnar með ólíkum aðferðum á tímabilinu 1914 - 1939. Margar þeirra komu á óvart t.d. athyglisverðar teikningar (unnar með pastellitum, kólí, tússi, rauðkrít og blýanti) og höfðu sumar ekki sést áður, grafíkmyndir, olíumyndir og önnur myndverk sem öll voru frá fyrstu tveimur áratugum hans í listinni.

Þriðja sýningin var haldin á Grænlandi í tilefni af 100 ára afmæli Ammasalík. Að henni stóðu Listafélagið í Ammasalík og Listasafn Íslands á Akureyri. En af hverju ætli verk Guðmundar hafi orðið fyrir valinu? Hann er líklega eini íslenski listamaðurinn sem notaði austur-grænlandsk mótív í verk sín; fjöll, landslag, grænlandsk dýr s.s. hvítabirni, seli og sauðnaut.